

Alþingi
Erindi nr. P 131/194
komudagur 25. 11. 2004



VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis,
Sjávarútvegsnefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 24. nóvember 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996, 38/1990, 79/1997 og 151/1996, 215 mál.

Í þessum þrennum lögum kemur eftirfarandi ákvæði fyrir sem frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum á:

Við fyrsta brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

Breytingin felst í því að lágmarks sekt verði ekki skilgreind í lögnum en viðkomandi dómstóli falið að ákveða hana í samræmi við eðli brots hverju sinni. Vélstjórafélag Íslands tekur undir efnisákvæði frumvarpsins.

Viðingarfylst,
f.h. Vélstjórafélags Íslands



Helgi Laxdal, formaður

Fagmenn til sjós og lands!